

Nd.

473. Nefndarátt

um tillögu til þingsályktunar um loftskæptastöð í Grímsey.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Nefndin er öll sammála um það, að rjett sje og jafnvel nauðsynlegt, að loftskæptastöð verði reist í Grímsey í Eyjafjarðarsýslu, svo fljótt sem kostur er. En jafnframt því að sú stöð er bygð, telur nefndin sjálfsagt eða óhjákvæmilegt, að önnur loftskæptastöð verði reist norðanlands, sem þessi væntanlega stöð í Grímsey gæli haft samband við; myndi þá byggingarkostnaður Grímseyjarstöðvarinnar verða lítill, sennilega ekki nema nokkur þúsund kr., og rekstur hennar ódýr. Er þessi skoðun nefndarinnar í samræmi við álit landsímastjórans í þessu máli, og má enn fremur geta þess, að hann er því eindregið fylgjandi, að þetta komist í framkvæmd sem fyrst.

En með því að tillagan á þgskj. 271 ræðir að eins um eina stöð (Grímseyjarstöð), en nefndin hins vegar telur hagkvæmara, að 2 stöðvar verði reistar norðanlands, þá leggur hún til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að telja má nauðsyn á, að loftskæptastöð verði reist í Grímsey í Eyjafjarðarsýslu, ásamt loftskæptastöð á öðrum stað norðanlands, og í því trausti, að landsstjórnin hlutist til um, að það verði framkvæmt hið allra fyrsta, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 21. ágúst 1919.

Þórarinn Jónsson, Gísli Sveinsson, Einar Árnason,
form. samvinnun. og Nd.-nefnd. fundaskrifari Nd.-n. og samv.n. frams.m. í Nd.

Sigurjón Friðjónsson. Hjörtur Snorrason. Þorsteinn Jónsson. Guðjón Guðlaugsson.

Björn Kristjánsson. Björn R. Stefánsson. Benedikt Sveinsson.

Kristinn Daníelsson,
fundaskrifari Ed.-nefndar.

H. Steinsson,
form. Ed.-nefndar.